2000 kr. og setji tryggingu þá er stiptsyfirvöldin álíta fullnægjandi fyrir því, að nefndu ábyrgðarskírteini verði haldið í fullu gildi með áskildri iðgjaldagreiðslu. 113 12. ágúst.

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu*, **um ávísanir uppí tollgjöld.** — Með 2 póknanlegum brjefum, dags. 11. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað meðal annars 2 ávísanir, aðra útgefna 12. f. m. af Jóni Magnússyni á C. A. Leth & Co. að upphæð 3000 kr. og hina 10. s. m. af St. Guðmundssyni á Örum & Wulff, að upphæð 1000 kr., er eiga að greiðast hin fyrri 1 mánuði, en hin síðarnefnda 3 mánuðum eptir sýningu, og tjáið þjer það vera með hliðsjón af lögum um tollgreiðslu dags. 22. maí f. á. að þjer hafið leyft að ávísanirnar væru þannig úr garði gjörðar og teljið það jafnvel «gott fyrir landssjóð» að helmingur fyrri ávísunarinnar skuli geta fengizt greiddur einum mánuði í staðinn fyrir 3 mánuðum eptir sýningu. 114 12. ágúst.

Útaf þessu vil jeg hjermeð, um leið og jeg lýsi óánægju minni yfir því að þjer þrátt fyrir margítrekaðar áminningar hafið tekið við þannig löguðum ávísunum eins og að ofan getur um uppí borgun á tolli, þjónustusamlega benda yður á, að það er byggt á misskilningi einum, að ofanumgetin lög gefi nokkra heimild til að stýla tollgreiðsluávísanir þannig, að þær eigi fyrst að borgast 3 mánuðum eptir sýningu. Sá, sem á að svara tolli getur því að eins samkvæmt 1. gr. nefndra laga fengið frest með nokkurn hluta tollgreiðslunnar, að hann fái lögreglustjóra í hendur öll umráð yfir vörum þeim, sem frestað er greiða toll af, og á þá þegar svo er ástatt, eins og skýrt er tekið fram í 2. gr. laganna, að greiða tollinn að fullu, auðvitað annaðhvort í peningum eða með ávísunum, er borgast eiga við sýningu, um leið og lögreglustjóri sleppir aptur umráðum yfir vörunum, og á þetta að vera gjört eigi seinna en 3 mánuðum eptir að vörurnar flytjast til landsins.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins í norður- og austuramtinu*, **um höfrungareka á þjóðjörðum** — Í póknanlegu brjefi, dags. 13. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, skýrt frá því, að rjett fyrir næstliðna páska hafi talsvert af höfrungum hlaupið á land og náðst á Reynistaðaklaustursjörðinni Reykjum á Reykjaströnd, á Þingeyraklaustursjörðinni Höfnum á Skaga, og á Munkaþverárklausturjörðinni Skógum í Axarfirði, og hafa hlutaðeigandi umboðsmenn verið í vafa um, hvort skoða skuli feng þennan sem leiguliðagagn eða sem eign landsdrottins að nokkru eða öllu leyti, þ. e. hvort telja beri höfrunga með hnísum eða hvölum, og hafið þjer lýst yfir þeirri skoðun yðar, að höfrungar eigi að teljast með hnísum, með því að orðið hnísa í Jónsbók þýði hvorttveggja, bæði þær skepnur sem menn nú kalla hnísur og þær, sem nú nefnast höfrungar, og að ummæli Jónsbókar um hvali yfir höfuð bendi til þess, að átt sje við langtum stærri skepnur en höfrungar eru; álítið þjer því höfrungahlaup þetta að öllu leyti landssjóði óviðkomandi sem landsdrottni. 115 24. ágúst.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, að jeg er samþykkur því, sem þjer þannig hafið tekið fram, og ber því að endurborga ábúandanum á Reykjum, Páli Hálldórssyni það, sem umboðsmaðurinn hefur innheimt sem hluta landssjóðs af